

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum,  
nr. 813 2. desember 1981.

### I.

Á I. kafla reglnanna (almennar kröfur) eru gerðar eftirtaldar breytingar:

#### 1. gr.

Grein 1.10 breytist þannig:

Í stað A1 komi A1A

Í stað A2 komi A2A

Í stað A2H komi H1A

Í stað A3 komi A3E

Í stað A3H komi H3E

Í stað A3J komi J3E

Í stað A3A komi R3E

Í stað F3 komi F3E

#### 2. gr.

Síðasta setning í grein 2.10 breytist þannig:

Í stað RR 23-2, 853, 854 og 855 komi RR 55-2, 3866, 3867 og 3868. Á eftir grein 2.10 komi ný grein, sem verður 2.11, svohljóðandi:

Við skoðun vélbáta í 6. flokki felur Póst- og símamálastofnunin skipaskoðunarmanni að prófa metrabylgjustöð bátsins áður en hann gefur út háffærnissskírteini eða skoðunarovottorð. Stöðina skal prófa á móti strandstöð Póst- og símamálastofnunarinnar, hvenær sem því verður við komið.

#### 3. gr.

Grein 3.5 orðist þannig:

5. flokkur:

Fiskiskip 8m og allt að 15m skráningarlengd.

Grein 3.6 orðist þannig:

6. flokkur:

Vélbátar styttri en 8m skráningarlengd.

#### 4. gr.

Tilvitnun í síðustu setningu í grein 4.1 breytist þannig: Í stað „RR 23“ komi „RR 55“.

#### 5. gr.

Grein 5.3; 2. mgr. 1. töluliður, breytist þannig: Í stað orðanna „að vild“ komi „að dómi“.

#### 6. gr.

Grein 6.2, 4. töluliður, breytist þannig: Í stað „Varaviðtæki“ komi „Varðviðtæki“.

Grein 6.5. orðist þannig:

Skip í 6. flokki:

Vélbátar styttri en 8 m skráningarlengd.

1. Metrabylgjatalstöð (VFH) 156-162 MHz

(11. gr. í II. kafla).

## 7. gr.

2. málsgr. í grein 14.6 orðist þannig:

Tíðnirnar 4125 kHz og 6215,5 kHz má senda með H3E mótonaraðferðinni til 1. janúar 1984.

## II.

Á II. kafla reglnanna (tækniröfur) eru gerðar eftirtaldar breytingar:

## 8. gr.

Í stað síðasta orðsins í grein 1.6 „rið“ komi „Hz“.

## 9. gr.

Í stað orðanna „VHF-tækni“ í 2. línu og síðustu línu 3. mgr. í grein 1.14 og 5. línu 2. mgr. í grein 1.15 komi orðið „metrabylgjutækin“.

## 10. gr.

Grein 2.1 orðist þannig:

Sendirinn skal búinn útgeislunartegundum R3E og J3E. Sé hann einnig hannaður fyrir morsesendingar skal hann hafa A1A.

## 11. gr.

Í tilvitnun neðanmáls í grein 6.8 komi í 1. mgr. í svigum stafirnir A2A í stað A2.

## 12. gr.

Í grein 8.2 komi í 2. setningu orðið „vera“ í stað „málaður“.

## 13. gr.

Síðasta málsgrein í gr. 9.2 orðist þannig:

Við venjulegar aðstæður skulu sendingar með tvöföldu hliðarbandi (DSB) eða einföldu hliðarbandi (SSB) með fullri burðarbylgju (m. a. H3E) hafa mótonardýpt a. m. k. 70% við hámarksþéttleika (peak intensity). Mótun á sendingu á einföldu hliðarbandi (SSB) með minnkaðri (reduced) burðarbylgju eða deyfðri (suppressed) burðarbylgju (R3E, J3E) skal vera þannig að óæskilegar útgeislanir fari ekki yfir þau gildi, sem tilgreind eru í radióreglugerðinni.

## 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 28. júní 1983.*

**Matthías T. Bjarnason.**

*Kristinn Gunnarsson.*